

## Fundur í umhverfisnefnd Heiðarskóla 22. janúar 2015 klukkan 11:50

Mættir: Ronja, Sigga V, Helena, Elvar, Markús, Renars, Steinunn, Helga María, Arna, Berglind, Angela og Sigga Lára

Helena bauð fundarmenn velkomna á janúarfund og tilkynnti jafnframt að desemberfundur hefði fallið niður vegna óveðurs.

- Gekk vel í matarvigtun í desember, 4., 6., 7., 8., 9. og 10. bekkur leifðu engum matvælum meðan á vigtun stóð. Matráðar ætla að gefa börnunum glaðning fljótlega í viðurkenningarskygni fyrir að fara vel með matinn í vigtunarvikunni.
- Umræða um að stundum þurfa börnin að leifa af því að þau fá of mikið á diskinn sinn. Rafmagnsmæling í gangi núna í 2 vikur. Staðan verður tekin miðvikudaginn 28. janúar en þá hefjum við 2 sparnaðarvikur. Þá reyna allir að spara rafmagn eins og þeir geta með því að slökkva ljós og á tækjum. Þann 11. maí tökum við aftur stöðuna og sjáum þá hvort við höfum náð að spara rafmagn í sparnaðarvikunum. Umhverfisnefndin ásamt umsjónarkennurum hvetur bekkjarfélaga sína til að spara rafmagn. Rafmagnssparnaður skiptir máli t.d. spöruðum við 10.000 kr. í síðustu sparnaðarvikum í upphafi árs 2014.
- Vinna við umhverfisblað Heiðarskóla er komin af stað. Nemendur í 6. bekk eru að vinna efni í blaðið.
- Dagur umhverfisins þann 22. apríl n.k. Þá höldum við litla ráðstefnu í upphafi dags innandyrna og í framhaldin vinnum við alls kyns verkefni úti t.d. að fegra umhverfið, grilla, vaska upp og stunda útinám.
- Survivordagur í maí.
- Fjölnota pokar – umræða um að draga úr plastpokanotkun. Umhverfisnefndin samdi bréf til Umhverfis- skipulags og náttúrverndarnefndar Hvalfjarðarsveitar þar sem fram kemur ánægja með fyrirhugað verkefni nefndarinnar um að dreifa fjölnota pokum til íbúa sveitarfélagsins. Bréfið verður sent nefndinni.

Fundi slitið klukkan 12:25